



# Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 31. ágúst 2017

## Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

31. ágúst 2017, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Baldur Kjartansson, Hinrik Ingólfsson, Heiðbjört Antonsdóttir og Teitur Helgason.

Einnig mættur Magnús Már Þorvaldsson sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. mál: **Hafnarbyggð 26** – Eigendur Hafnarbyggðar 26, Mávahlíð, æskja breytingar á fasteignagrunni hússins skv. tölvuskeyti dags. 30. júlí sl.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða breytinguna fyrir sitt leyti.

2. mál: **Miðhús** – Eigendur Miðhúsa í Vopnafirði óska eftir heimild að rífa fjárhús og hlöðu, samliggjandi hús, í landi Miðhúsa skv. bréfi dags. 28. ágúst sl. Meðfylgjandi er ljósmynd af húsinu.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að heimila niðurrif hússins fyrir sitt leyti enda liggi fyrir heimild HAUST hér að lútandi. Er vísað til Reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, fylgiskjal 2, lið 10.8 um niðurrif húsa og annarra bygginga.

3. mál: **Skálanesgata 3 og Fagrihjalli 15** – a) Erindi Berghildar Fanneyjar Hauksdóttur vegna viðhalds á húseigninni ásamt geymsluskúr á lóð. Meðfylgjandi er teikning útidyra og samþykkt nágranna fyrir framkvæmdunum. b) Ljósmynd af framhlið Fagrahjalla 15 þar sem skipt var um glugga og skriflegt svar Sigurður Jónssonar bygg.flltr. við fyrirspurn Borghildar formanns varðandi ofangreindar framkvæmdir.

Magnús gerði nánari grein fyrir málunum en svo sem fram kemur í hjálögðu bréfi byggingafulltrúa eru gögn viðvirkjandi Skálanesgötu 3 skýr og skilmærkileg.

a) Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða framkvæmdir við Skálanesgötu 3

b) Hlutaðeigandi framkvæmdir eru ekki byggingaleyfisskyldar en formlegt leyfi þarf nefndin að gefa. Í bréfi byggingafulltrúa segir að aðilar sækji um leyfi fyrir breytingum í tíma áður en í framkvæmdir er ráðist.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt - fundi slitið kl. 12:50.